

Arthur Gook (1883-1959), trúboði

Afhending 2021/37

Arthur Charles Gook fæddist í London 11. júní 1883. Arthur var þriðji í röð fimm bræðra. Faðir hans, Charles Gook, var um tíma skólastjóri í framhaldsskóla í Chelsea. Móðir hans, Mary, var dóttir bankastjóra Londonbanka. Arthur lést 18. júní 1959 í London.

Arthur fór í menntaskóla þar sem hann naut sín verulega og eftir menntaskólann fékk hann styrk til háskólanáms. Faðir hann setti sig upp á móti því og varð Arthur því að hverfa frá námi. Þess í stað hóf hann störf hjá stóru bókaforlagi í London.

Ungur að árum fékk hann köllun til að fara til Íslands að stunda trúboð. Hann settist að á Akureyri árið 1905 þar sem hann tók við stjórn Sjónarhæðarsöfnuðarins, sem hafði verið stofnaður árið 1897 af Skotanum Frederic H. Jones.

Auk þess að veita söfnuðinum forystu stundaði Arthur bókaútgáfu, þýðingar og tannlækningar. Hann rak einnig fyrstu útvarpsstöð á Akureyri frá 1927-1929, en það ár hafnaði atvinnumálaráðherra beiðni um að framlengja leyfi Arthurs til útsendinga á grundvelli þess að hann hefði ekki leyfi til reksturs „gaman-útvarps“.

Arthur var einnig ötull áhugaljósmyndari og eftir hann liggur stórt ljósmyndasafn sem varðveitt er á Minjasafninu á Akureyri.

Árið 1945 stofnaði Arthur, ásamt Sæmundi G. Jóhannessyni, kristilegar sumarþúðir fyrir börn á Ástjörn í Kelduhverfi.

Arthur var fyrstur manna til að stunda smáskammtalækningar á Íslandi.

Árið 1907 kvæntist Arthur Florence Gook (1883-1948) (fædd Palmer) og eignaðist með henni 6 börn. Árið 1922 flutti Florence með börnin til Englands svo að þau kæmust í enskan skóla. Í ferðalagi til Íslands með börnin árið 1948 varð Florence bráðkvödd og var jarðsungin á Ástjörn.

Árið 1950 kvæntist Arthur Kristínu Steinsdóttur (1896-1968), sem lifði mann sinn. Kristín hafði verið ráðskona Arthurs í mörg ár.

Afhendingin barst frá Önnu Sæmundsdóttur. Aðrar afhendingar frá Arthur og Sjónarhæðarsöfnuðinum eru 2004/65, 2005/15, 2005/76, 2006/48, 2007/14, 2008/45, 2009/51 og 2018/58.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

8. mars 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

2021 / 37

A - Arthur Gook

A - Arthur Gook

1902 - 1956

A	1	1	1902 - 1956	Sálmaskrá Florence Gook (1948); bréf og samúðarkveðjur v. Florence Gook (1948); tóm umslög utan af bréfum (1902 og 1908); uppkast að bréfi frá Arthur Gook til barna sinna (1949); boð á hátíðarkvöldverð frá forseta Alþingis (óárs.); minningarorð um Florence Gook (1948); minnismiðar (1956).
---	---	---	-------------	---